

AUGLÝSING

um niðurfellingu svæðisskipulags fyrir Reykjanesbæ, Sandgerðisbæ, Gerðahrepp og Keflavíkurflugvöll 1995-2015.

Með vísan til 5. mgr. 13. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hafa umhverfisráðherra og utanríkisráðherra staðfest niðurfellingu á svæðisskipulagi fyrir Reykjanesbæ, Sandgerðisbæ, Gerðahrepp og Keflavíkurflugvöll 1995-2015 frá 7. október 1996.

Núgildandi hávaðamarkalína vegna flugumferðar frá Keflavíkurflugvelli fellur brott og stendur þá einungis eftir skýringarmynd með hávaðalínunum. Með niðurfellingu hávaðamarkalínunnar verða engin skipulagsákvæði eftir í svæðisskipulaginu og því ekki lengur lagalegur grundvöllur fyrir tilvist svæðisskipulagsins, sbr. 1. mgr. 12. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög. Skipulagsstofnun hefur yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Niðurfelling svæðisskipulags fyrir Reykjanesbæ, Sandgerðisbæ, Gerðahrepp og Keflavíkurflugvöll 1995-2015 öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 6. október 2010.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Íris Bjargmundsdóttir.

Utanríkisráðuneytinu, 20. september 2010.

Össur Skarphéðinsson.